

G. d. 5 4

49. fundur Sveitarstjórn Langanesbyggðar kom saman til aukafundar fimmtudaginn 24. september n.k. kl.17:00 á skrifstofu Langanesbyggðar.

Mæt voru: Siggeir Stefánsson oddviti, Hilma Steinarsdóttir, Jóhanna Helgadóttir, Heiðrún Óladóttir, Nanna Steina Höskuldsdóttir, og Gunnólfur Lárusson sem ritaði fundagerð á tölvu.

Þórir Jónsson var í síma.

Oddviti bauð fundamenn velkomna, spurði hvort að einhverjar athugasemdir væru gerðar við fundaboðun.

Engar athugasemdir voru gerðar við fundaboðun.

Dagskrá :

1. Lánasamningur nr. 45/2009 milli Lánasjóðs sveitarfélaga og Langanesbyggðar.

Sveitarstjórnin Langanesbyggðar samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. að fjárhæð 30.000.000,- kr. til 15 ára, í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Er lánið tekið til fjármögnunar á framkvæmdum við gatnagerð á Þórshöfn, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Gunnólfi Lárussyni sveitarstjóra, kt. 150961-5569 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Langanesbyggðar að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga ohf. sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

Samþykkt samhljóða

Til máls tóku: GL.

2. Lán vegna uppgreiðslu .

Sveitarstjóri óskaði eftir því að fá að taka lán að upphæð kr. 20.000.000.- hjá Sparisjóði Þórshafnar til eins mánaðar vegna sölunnar á Pálmholti 1 og 3. uppgreiðslan er ákvílandi lán sem verður að greiða upp vegna sölunnar og kemur stórhloti þess til baka þegar búið er að aflétta skuldum. Frá Viðbótalánasjóði kemur ca. 12.400.000.- og frá kaupendum 7.000.000. Kostnaður vegna lánsins er ca. 210.000 kr.

Samþykkt samhljóða að veita sveitarstjóra að taka þetta lán.

Til máls tóku: GL.

Fundargerðin upplesin og samþykkt fleira ekki gert og fundi slitið kl.17:40
Fundargerðin er ein blaðsíða.

Siggeir S.
Nanna Höskuldsd. ⁹⁶

Jóhanna Helgadóttir
Heiðrún Óladóttir
Hilma Steinarsdóttir